



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Íþróttapings Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands
Reykjavík
8. apríl 2011**

*Ávarpið var flutt blaðlaust
Eftirrit upptöku*

Ágæti menntamálaráðherra

Forseti ÍSÍ

Formaður UMFÍ

Hin vaska forystusveit íþróttahreyfingarinnar sem hér er saman komin

Ég óska ykkur hjartanlega til hamingju með þetta þing og líka árangurinn af starfinu á undanförunum árum þótt aðstæður hafi verið erfiðar. Við vorum á það minnt fyrir skömmu, þegar Sigurður okkar Magnússon var borinn til grafar, hve gríðarlegar breytingar hafa orðið í íþróttastarfi Íslendinga á æviskeiði þeirrar kynslóðar sem nú er óðum að hverfa.

Það er nánast ógerlegt fyrir okkur að skilja hvernig það var fyrir hann á árunum skömmu eftir heimsstyrjöldina síðari að verða framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur tvítugur að aldri og þurfa að láta það verða sitt fyrsta verk að finna herbergiskytru á Hverfisgötunni til að eiga samastað, kaupa ritvél og skrifblokk, heftara, borð og stól til að geta hafið störf.

Það var líka fróðlegt á afmælishátíð Sundsambandsins að heyra lýsingar á því hve erfiðlega gekk að festa í sessi samtök sundhreyfingarinnar, íþróttar sem þó sannarlega hefur orðið ein helsta almenningsíþrótt Íslendinga á okkar tímum.

Þetta er mikil afrekssaga og nauðsynlegt að halda því til haga að afreksfólkið í íþróttahreyfingu okkar Íslendinga er ekki aðeins þeir sem hljóta verðlaun á pöllum hér heima og á alþjóðalegum keppnismótum heldur kannski fyrst og fremst það góða fólk sem hefur í áratugi, margt hvert alla sína ævi, helgað íþróttahreyfingunni krafta sína og gert hana að því afli og þeirri þjóðareign sem hún er.

Það væri fróðlegt að velta því fyrir sér hve fátæklegt íslenskt samfélag væri, félagslega og menningarlega, ef ekki væru á hverjum degi þúsundir æskumanna, foreldrar, þjálfarar og forystumenn hreyfingarinnar að koma saman vítt og breitt um landið í uppeldi og þjálfun.

Hér voru nefnd áðan framlögin til íþróttahreyfingarinnar og borin saman við framlög til hinna opinberu menningarstofnana; sá samanburður var satt að segja ansi fróðlegur; kom á óvart.

Það mætti líka bera saman framlögin til íþróttastarfsins í landinu og framlög ríkis og sveitarfélaga til skólastarfs. Ef við skoðum uppeldisfræðina, rannsóknir fræðimanna sem kanna hvað skilar árangri í menntun og þjálfun hvernar kynslóðar, þá skipar íþróttastarfið þar oft mikilvægari sess heldur en bóknámið og ástundunin í tímum. Þegar menn horfa til baka og spyrja sig hvaða kennari það var sem hafði einna mest áhrif á mig í æsku og hvað var það sem nýttist mér best þegar ég hóf störf og stofnaði fjölskyldu og varð nýtur þjóðfélagsþegn? Þá verður svarið ærið oft: félagsskapurinn á vettvangi íþróttanna.

Fyrir fáeinum dögum fórum við Dorrit á keppnisleik FH og Hauka í Hafnarfirði í handbolthanum; skemmtilegur leikur, ótrúlega jafn. Það var ekki fyrr en á síðustu mínúttunni í anda góðra handboltaleikja sem úrslitin voru ráðin. Skemmtilegt kvöld. En það sem mér fannst merkilegast var ekki frammistaða leikmannanna á vellinum þótt hún væri frábær og gaman að sjá nýja kynslóð handboltamanna mæta þar til leiks. Það sem mér fannst merkilegast var að sjá æsku Hafnarfjarðar fjölmenna, auðvitað sitt hvorum megin, í ólíkum búningum, en engu að síður æska Hafnarfjarðar, og sjá hvernig FH og Haukar eru að ala upp þetta unga fólk sem þarna var saman komið. Sjá gleðina, áhugann, hollustuna, einbeitinguna og sigurviljann hjá krökkunum, sjö, átta, níu, tíu, ellefu, tólf ára gömlum.

Forseti ÍSÍ nefndi það réttilega hér áðan að frá síðasta þingi höfum við öll, þjóðin, glímt við erfiðleika og það hefur verið þraut fyrir íþróttahreyfinguna eins og flesta ef ekki alla. Þá má það ekki gleymast, hvorki hér á ykkar vettvangi né hjá stjórnvöldum eða þjóðinni, að endurreisn þjóðar eftir hrun af því tagi sem við höfum orðið fyrir er ekki bara efnahagslegt verkefni, felst ekki bara í fjárlögum, breytingum á lögum um banka og fjármálastofnanir eða samningum við erlend ríki. Endurreisn þjóðar felst fyrst og fremst í því að hún öðlist sjálfstraust sitt á nýjan leik. Hvað sem líður góðum verkum á vettvangi efnahagsmála þá munu þau duga lítt ef sjálfstraustið kemur ekki á ný.

Ég er viss um að framlag landsliðs okkar í handbolta á Evrópumótinu í Vín, frábær árangur kvennalandsliðsins í knattspyrnu, ótrúleg framgangur unglíngalandsliðsins í fótbolthanum og fjöldi sigra sem okkar frábæra íþróttafólk í fjölmörgum greinum hefur unnið á þessum tveimur árum hefur verið veigameira framlag til að efla sjálfstraust þjóðarinnar á ný og hjálpað henni að ná samstöðu og kjarki heldur en margt annað sem gert hefur verið á hinum svokallaða formlega vettvangi

ákvarðanatöku. Vandi okkar Íslendinga við hrunið var kannski ekki fyrst og fremst efnahagslegur, það var hið félagslega og andlega áfall sem þjóðin varð fyrir.

Ég vil hér í dag þakka íþróttahreyfingunni fyrir ótrúlegt og merkilegt framlag hennar í að endurreisa sjálfstraust og baráttuvilja þjóðarinnar. Bæði með því að þjappa henni saman á þeim keppnisstundum sem við munum öll með hjálp fjölmiðlanna en ekki síður fyrir að leiða fólkið saman á hverjum degi, í hverri viku, hverjum mánuði árið um kring, í öllum byggðarlögum og öllum landshlutum og láta það finna samstöðuna og getuna í krafti þeirra verka sem unnið er að á vettvangi íþróttahreyfingarinnar.

Við værum ekki stödd þar sem við erum þó í dag sem þjóð ef við ættum ekki hreyfingu af því tagi sem íþróttahreyfingin hefur verið. Þó að verkefnin séu fyrst og fremst að ná árangri í íþróttum og þjálfra æskufólk og keppendur þá er það engu að síður mikilvægur þáttur í félagslegum veruleika okkar Íslendinga sem og annarra þjóða að íþróttahreyfingin er burðarás í vilja þjóðar — í vilja þjóðar. Það fjármagn sem varið er til hennar er ekki bara fjárfesting í keppnisíþróttum heldur fyrst og fremst fjárfesting í okkur sjálfum sem þjóð, í vitund okkar, skilningi og getu.

Þegar við komum hér saman skömmu eftir bankahrunið á þingi ÍSÍ þá var uggur í brjósti margra. Þið hafið háð hetjulega baráttu við að halda starfinu gangandi og þótt margt megi nefna sem betur hefði mátt gera, þótt skort hafi fjármuni eins og hér var ágætlega rakið, þá held ég samt sem áður að það sé nánast kraftaverk hvað ykkur hefur tekist að gera á þessum tveimur árum.

Fyrir það vil ég þakka hér í dag, þakka ykkur fyrir hönd þjóðarinnar. Á þessum erfiðleikatímum hefur verið gaman að koma á vettvang

íþróttastarfsins, hvort sem það hefur verið hjá yngstu flokkunum, á leiki í Hafnarfirði eða á mót erlendis og finna kraftinn sem í ykkur býr.